

Fræðslu- og æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Glatts



Dalabyggð & Reykhólahreppur
Ársskýrsla fyrir starfsárið 2019 - 2020

EFNISYFIRLIT

Um Hestamannafélagið Glað.....	3
Fræðslu- og æskulýðsnefnd Glaðs.....	3
Reiðnámskeið	4
<i>Vetrarnámskeið með Sjöfn Sæmundsdóttur</i>	<i>4</i>
<i>Knapamerki</i>	<i>5</i>
<i>Reiðnámskeið á Skáney</i>	<i>6</i>
<i>Reiðnámskeið á Reykhólum</i>	<i>7</i>
<i>Útreiðanámskeið</i>	<i>7</i>
<i>Keppnisnámskeið.....</i>	<i>10</i>
Styrkir	11
Þátttaka í mótum.....	11
Keppnisárangur á mótum utan félags	13
Að lokum	16

Um Hestamannafélagið Glað

Hestamannafélagið Glaður í Dölum er næstelsta hestamannafélag landsins en það var stofnað árið 1928. Félagsmenn eru 174 talsins og þar af 103 fullorðnir og 71 yngri en 18 ára. Félagið sem í upphafi kom upp

keppnisaðstöðu á Nesodda í Miðdölum sem var notuð um árabíl gerði 250 og 300 metra hringvöll ásamt skeiðbraut í Búðardal árið 2005.

Einkahlutafélagið Nesoddi ehf.

sem er að stærstum hluta til í eigu Glaðs byggði síðan upp reiðhöll í hesthúshverfinu í Búðardal árin

2007 og 2008. Reiðhöllin var reist í sjálfböðastarfi félagsmanna Glaðs og hefur gjörbylt aðstöðumálum bæði til kennslu og keppni.

Mikil gróska hefur verið í æskulýðs- og fræðslustarfi hjá Glað undanfarin ár og hefur verið metþátttaka hjá yngri kynslóðunum á námskeiðum félagsins. Kórónuveirufaraldurinn setti þó svip sinn á dagskrá ársins en þó aðallega á mótahald.



Fræðslu- og æskulýðsnefnd Glaðs

Nefndin hóf störf sín á haustmánuðum 2019. Nefndina skipuðu:

- Svala Svavarsdóttir, formaður
- Björk Guðbjörnsdóttir
- Sigrún Hanna Sigurðardóttir
- Styrmir Sæmundsson
- Svanborg Einarsdóttir



Nefndin var einróma sammála um að halda áfram að efla hestamennsku í héraði og gera sem flestum börnum og ungmennum kleift að stunda hestamennsku, hvort heldur sem keppnisgrein eða almennar útreiðar. Nefndin hafði þetta að leiðarljósi þegar að dagskrá fyrir starfsárið var skipulögð.

Reiðnámskeið

Félagið hélt nokkur vel heppnuð reiðnámskeið fyrir krakka og unglinga á síðastliðnu ári og niðurgreiddi kostnað við námskeið um allt að 50%.

Vetrarnámskeið með Sjöfn Sæmundsdóttur

Veturinn byrjaði á að Sjöfn Sæmundsdóttir reiðkennari bauð upp á 6 vikna reiðnámskeið þar sem í boði voru einka- og hóptímar. Þátttakendur mættu í 40 mín. reiðtíma á viku í reiðhöllinni í Búðardal eða á reiðvellinum ef þátttakendur óskuðu þess. Þar sem að við erum svo heppin að reiðkennarinn er búsettur á svæðinu var okkur unnt að halda námskeiðið í miðri viku en ekki um helgar eins og oft áður. Skipt var í hópa eftir getu hvers og eins.



Byrjendur lærðu að umgangast hestinn og að öðlast jafnvægi og traust í gegnum sætisæfingar. Þeir lærðu grunnstjórnun, stöðvun, beygju og að fara af stað. Einnig lærðu þau

um gangtegundirnar og heiti þeirra sem og ýmislegt um hestinn, hvað líkamshlutarnir heita og hvernig hesturinn upplifir okkur.

Með reyndari knapa var unnið markvisst í því að því að bæta hvern nemanda fyrir sig. Lögð var áhersla á vinnu með samspil milli manns og hests. Einnig var farið mikið í þjálfun gangtegunda og ábendinga sem og undirbúning fyrir vetrarmótin þar sem var sett upp prógram og unnið með styrkleika og bættum veikleika. Börnin sýndu mikla framför. Námskeiðið var sniðið að þörfum og getu hvers og eins, allt frá ásetuæfingum fyrir byrjendur og upp í keppnisundirbúning fyrir þá sem lengra eru komnir. Aldursdreifingin var frá 4 ára og til 15 ára. Almenn ánægja var með hvernig til tókst. Fyrirhugað var að halda framhaldsnámskeið en urðum við að hætta við það vegna Covid-19.



Knapamerki

Í tengslum við vetrarnámskeið Sjafnar var boðið upp á undirbúningskennslu í Knapamerkjum. Að þessu sinni var ekki eftirspurn eftir slíku enda kjarninn af krökkunum sem sóttu námskeiðið ekki kominn með aldur til að byrja í Knapamerkjum. Við munum engu að síður halda áfram að bjóða upp á undirbúning fyrir Knapamerki á komandi árum. Reykhólaskóli er t.d. búin að

samþykkja knapamerki sem val á skólaárinu 2020-2021 og eins eru viðræður við Auðarskóla í Dalabyggð að bjóða upp á knapamerki sem valgrein.

Reiðnámskeið á Skáney

Helgina 21.-23. febrúar stóð börnum á starfssvæði Glaðs til boða að fara á helgarnámskeið á Skáney. Þetta er þriðja árið sem Glaður sendir börn á námskeið að Skáney og hafa þau verið geysivinsæl sem undirstrikar það hversu dýrmætt það er fyrir börnin að svona námskeið séu í boði. 16 pláss voru í boði og var strax komin biðlisti og endaði það þannig að þau börn sem voru komin á biðlista fengu boð um að koma á námskeið í byrjun mars en því miður þurfti að aflýsa því vegna Covid-19 en var þó haldið í byrjun júní en þá fóru 4 börn á vegum Glaðs á námskeiðið. Samtals voru þetta því 20 krakkar á aldrinum 8-15 ára sem fóru á námskeiðin. Kennarar voru sem áður fyrr Randi Holaker og Haukur Bjarnason. Hluti af þessum börnum sem fóru á vegum Glaðs eru börn sem ekki hafa tök á því að hafa hesta á húsi á veturna. Svona námskeið styrkir börnin okkar félagslega auk þess að gera sem flestum kleift að stunda hestamennsku að einhverju marki á þessum árstíma.



Reiðnámskeið á Reykhólum

Í byrjun júlí var haldið 5 daga reiðnámskeið á Reykhólum og var Sjöfn Sæmundsdóttir reiðkennarinn. Það var mjög ánægjulegt hversu mörg börn mættu á námskeiðið og áhuginn mikill. Núna eru knapamerki valgrein í grunnskólanum á Reykhólum eins og áður kom fram og hefur fræðslunefnd Glaðs ákveðið að styrkja börnin með kaupum á bókum.

Útreiðanámskeið

Víkuna 6.-10 júlí var haldið útreiðanámskeið í Búðardal. Markmið námskeiðsins var að styrkja börnin í almennum útreiðum. Í boði voru 3 hópar: minna vanir, meira vanir og svo þeir sem eru óvanir en þeir fengu kennslu inni í reiðhöll. Lögð var áhersla á að kynnst hestinum sínum, kemma, leggja á og njóta þess að ríða út í fallegri náttúru. Mikil gleði og hamingja skein af hverju andliti þegar komið var í hlað í lok hvers tíma enda farið í smá ævintýri í sjónum og ánum í kring.

Byrjendur lærðu að umgangast hestinn og að öðlast jafnvægi og traust í gegnum sætisæfingar. Þeir lærðu grunnstjórnun, stöðvun, beygju og að fara af stað. Einnig lærðu þau um gangtegundirnar og heiti þeirra sem og ýmislegt um hestinn, hvað líkamshlutarnir heita og hvernig hesturinn upplifir okkur.

Hjá reyndari knöpum var lögð áhersla á að þau öðluðust meira sjálfstæði, m.a. með því að leggja sjálf á hestinn og gera sig tilbúin í reiðtúr. Þau lærðu að koma vel fram við hestinn sem og aðra knapa. Lærðu að það þarf að sýna öðrum tillit þegar kemur að hraða og stjórnun. Þau lærðu einnig um gangskiptingar og mismunandi ásetur en ekki síst að njóta samveru með hestum og öðrum börnum og hafa gaman í gegnum leik og lærdóm.



Þátttakendum var skipt niður í fjóra hópa, einn byrjendahóp sem í voru yngstu börnin og minna vön sem fengu kennslu í reiðhöllinni, og svo þrjá útreiðahópa sem hver var undir handleiðslu í tvo tíma á dag. Útreiðahóparnir byrjuðu daginn á að smala girðingu, kempa og leggja á, áður en var svo haldið af stað í góðan útreiðartúr frá hesthúsahverfinu í Búðardal. Þátttakendur komu með sinn eigin hest en einnig var boðið upp á að fá lánaðan hest.



Kennari var Sjöfn Sæmundsdóttir. Í lok námskeiðsins var svo öllum boðið í grill við hesthúsin. Alls voru 26 börn skráð á þetta námskeið.



Ævintýranámskeið

Dagana 27.-29. júlí var haldið ævintýranámskeið sem felst í því að fara með krakkahópinn í litla hestaferð. Markmið námskeiðsins er að leyfa börnunum að upplifa þá dásemd að fara í hestaferð, ríða út í íslenskri náttúru, fara leiðir sem þau hafa aldrei farið áður og kynnst hvort örðu og sveitinni sinni á annan máta. Ekki eru öll börn eða ungmenni svo heppin að komast í hestaferðir á sumrin og því finnst nefndinni mjög mikilvægt að þetta sé í boði fyrir þau. Námskeiðið var í umsjón fulltrúa úr fræðslu- og æskulýðsnefndinni í sjálfböðastarfi og var því þátttökukostnaður í algjöru lágmarki og var foreldrum að sjálfsögðu boðið að slást í för.

Í ár byrjuðum við við bæinn Fellsenda í Miðdölum og riðum fyrir ofan Sauðafell, að Miðá, og að Blönduhlíð í Hörðudal. Á degi tvö riðum við sem leið lá úr Hörðudalnum og yfir í Selárdal og þaðan að bænum Dunk. Seinasta daginn fórum við frá Dunk niður að sjó og riðum sjávarbakkann og út í sjó, tókum heljarinnar fjörureið með tilheyrandi sullugangi og stuði. Svo var riðið upp með Hörðudalsá að Hlíð þar sem haldin var heljarinnar grillveisla hjá henni Guðrúnu ferðþjónustubónda í Dalahyttum. Mikil ánægja var með námskeiðið og svo gaman að sjá hvað börnin njóta sín í svona ferð og samband þeirra við hestinn styrkist. Alls tóku 22 börn þátt í námskeiðinu ásamt nokkrum foreldrum.





Keppnisnámskeið

Til stóð að halda námskeið í keppnisþjálfun í aðdraganda félagsmótsins en ekki varð að því þar sem að mótinu var aflýst.

Styrkir

Félagið fékk styrk frá Ungmennasambandi Dala og Norður Breiðfirðinga (UDN) ásamt lottótekjum.



Æskan og hesturinn

Hópförð á “Æskan og hesturinn” hefur verið einn af árlegu og ómissandi viðburðum æskulýðsstarfs félagsins í þónokkur ár. Þátttaka er alltaf góð og ánægja þátttakenda alltaf mikil. Þessari góðu skemmtun var aflýst sökum kórónuveirunnar og því engin ferð í ár.

Þátttaka í mótum

Ekki fór keppnisárið eins og lagt var upp með. Flestum mótum á vegum félagsins var frestað en náðum við þó að halda eitt tölmtót og eitt þrígangsmót í reiðhöllinni fyrirpart vetrar. Þau börn og ungmenni sem tóku þátt á mótum á vegum Glæðs eru:

Alexander Örn Skjaldarson, fæddur 2006

Þrígangur í unglíngaflokki á Kveik frá Fremri Gufudal


Andri Óttar Skjaldarson, fæddur 2001

Þrígangur í ungmennaflokki á Spæni frá Búðardal

Birta Magnúsdóttir, fædd 2002

Tölt, T7 í ungmennaflokki á Hug frá Einhamri

Þrígangur í ungmennaflokki á Nóa frá Lindarholti



Dagný Þóra Arnarsdóttir, fædd 2006

Tölt, T7 í unglingaflokki á Óðni frá Geirmundarstöðum

Daníel Skjaldarson, fæddur 2006

Þrígangur í unglingaflokki á Fjöl frá Búðardal

Elna Rut Haraldsdóttir, fædd 2007

Tölt, T7 í barnaflokki á Hryðju frá Svarfhóli

Eysteinn Eyþórsson, fæddur 2006

Þrígangur í unglingaflokki á Sóma frá Spágilsstöðum

Hrafnhildur Freyja, fædd 2015

Pollaflokkur á Drífu frá Lindarholti

Katrín Einarsdóttir, fædd 2006

Þrígangur í unglingaflokki á Seðli frá Spágilsstöðum

Tölt, T7 í unglingaflokki á Seðli frá Spágilsstöðum

Ívar Örn Haraldsson, fæddur 2008

Tölt, T7 í barnaflokki á Berki frá Svarfhóli

Keppnisárangur á mótum utan félags

Tveir félagar hafa náð góðum árangri í mótum utan félags. Arndís Ólafsdóttir í unglingaflokki og Þórunn Ólafsdóttir í barnaflokki. Hér er þeirra árangur á árinu.

Keppnis árangur 2020 - Arndís Ólafsdóttir

Kepti á alls 12 mótum á árinu og endaði með 10. hæstu einkunn á landinu í T4 í ungmennaflokki eftir frumraun sína í þeirri keppnisgrein. Sigræði fjórgang unglinga á opnu Íþróttamóti Sleipnis, sem og unglingaflokkinn á opnu Gæðingamóti Sleipnis. Þá sigræði hún Gæðingatölt 17. ára og yngri á Bikarmóti Vesturlands og var í úrslitum í öllum greinum á opnu Íþróttamóti Borgfirðings.

Íþróttamót Sleipnis, Fjórgangur

Forkeppni, 2. Sæti	Arndís Ólafsdóttir	IS2010138544 – Júpiter frá Magnússkógum	Glaður 6,03
A-Úrslit, 1. sæti	Arndís Ólafsdóttir	IS2010138544 - Júpiter frá Magnússkógum	Glaður 6,37

Íþróttamót Geysis, Fjórgangur

Forkeppni, 4.sæti	Arndís Ólafsdóttir	IS2010138544 - Júpiter frá Magnússkógum	Glaður 6,33
A-Úrslit, 4-5. sæti	Arndís Ólafsdóttir	IS2010138544 - Júpiter frá Magnússkógum	Glaður 6,43

Íslandsmót barna og unglinga, Tölt og fjórgangur

Tölt Forkeppni, 19-20. sæti	Arndís Ólafsdóttir	IS2010138544 - Júpiter frá Magnússkógum	Glaður 6,13
-----------------------------	--------------------	---	-------------

Fjörgangur Forkeppni 20-21. sæti	Arndís Ólafsdóttir	IS2010138544 - Júpiter frá Magnússkógum	Glaður 6,23
--	-----------------------	--	-------------

Reykjavíkurmestaramót

Júpiter frá Magnússkógum	Tölt T3	Unglingaflokkur	Forkeppni	5,83	24- 25.	
Júpiter frá Magnússkógum	Fjörgangur V2	Unglingaflokkur	Forkeppni	6,00	23	

Íþróttamót Borgfirðings

Arndís Ólafsdóttir	Tölt T4	Ungmennaflokkur	Forkeppni	6,10	2.	
Arndís Ólafsdóttir	Tölt T4	Ungmennaflokkur	A úrslit	6,38	2.	
Arndís Ólafsdóttir	Fjörgangur V2	Unglingaflokkur	Forkeppni	5,90	4.	
Arndís Ólafsdóttir	Fjörgangur V2	Unglingaflokkur	A úrslit	6,50	3.	
Arndís Ólafsdóttir	Fimmgangur F2	Ungmennaflokkur	Forkeppni	5,90	2- 3.	
Arndís Ólafsdóttir	Fimmgangur F2	Ungmennaflokkur	A úrslit	5,86	3.	
Arndís Ólafsdóttir	Gæðingaskeið PP1	Ungmennaflokkur		1,88	1.	

Opna Gæðingamótið á Flúðum

Arndís Ólafsdóttir	Unglingaflokkur A- flokkur	Gæðingaflokkur 1	Forkeppni	7,95	7.	
Arndís Ólafsdóttir	Unglingaflokkur A-Flokkur	Gæðingaflokkur 1	A úrslit	7,98	8.	

Gæðingamót Sleipnis

Arndís Ólafsdóttir	Unglingaflokkur	Gæðingaflokkur 1	Forkeppni	8,17	1.	
Arndís Ólafsdóttir	Unglingaflokkur	Gæðingaflokkur 1	A úrslit	8,40	1.	

Bikarmót Vesturlands

Arndís Ólafsdóttir	Unglingaflokkur	Forkeppni	8,17	3.	
-----------------------	-----------------	-----------	------	----	--

Arndís Ólafsdóttir	Unglingaflokkur	A úrslit	8,15	4.
Arndís Ólafsdóttir	Gæðingatölt 17. Ára og yngri	Forkeppni og A-Úrslit		1.

Meistaradeild Líflands og Æskunnar

Fjörgangur, Styrkur frá Kjarri eink. 5,567, 23. sæti

Fimmgangur, Dáð frá Jórvík, eink. 5,567, 13. sæti

Tölt T1, Júpiter frá Magnússkógum, 5,833, 25. sæti

Flugskeið, 10.sæti

Keppnisárangur 2020 – Þórunn Ólafsdóttir

Kepti alls á 6 opnum mótum þetta sumarið og sigraði m.a. barnaflokkinn á Bikarmóti Vesturlands og var í 2. Sæti á opnu Gæðingamóti Sleipnis.

Íþróttamót Geysis

Knapi	Keppnisgrein	Flokkur	Keppni	Einkunn/Tími	Sæti
Þórunn Ólafsdóttir	Tölt T7	Barnaflokkur	Forkeppni	5,37	6.
Þórunn Ólafsdóttir	Tölt T7	Barnaflokkur	A úrslit	5,42	6.
Þórunn Ólafsdóttir	Fjörgangur V2	Barnaflokkur	Forkeppni	5,00	7.

Gæðingamót Sleipnis

Knapi	Keppnisgrein	Flokkur	Keppni	Einkunn	Sæti
Þórunn Ólafsdóttir	Barnaflokkur	Gæðingaflokkur 1	Forkeppni	8,15	3.
Þórunn Ólafsdóttir	Barnaflokkur	Gæðingaflokkur 1	A úrslit	8,30	2.

Bikarmót Vesturlands – Gæðingakeppni

Knapi	Keppnisgrein	Flokkur	Keppni	Einkunn	Sæti
Þórunn Ólafsdóttir	Barnaflokkur		Forkeppni	8,17	3.
Þórunn Ólafsdóttir	Barnaflokkur		A úrslit	8,35	1.

Opið íþróttamót Borgfirðings

Knapi	Keppnisgrein	Flokkur	Keppni	Einkunn/Tími	Sæti
Þórunn Ólafsdóttir	Fjörgangur V5	Barnaflokkur	Forkeppni	5,33	6.
Þórunn Ólafsdóttir	Fjörgangur V5	Barnaflokkur	A úrslit	5,75	4.

Meistaramót Íslands - Gæðingakeppni

Knapi	Keppnisgrein	Flokkur	Keppni	Einkunn	Sæti
Þórunn Ólafsdóttir	Barnaflokkur	Gæðingaflokkur 1	Forkeppni	8,17	16.

Opna Gæðingamótið á Flúðum

Knapi	Keppnisgrein	Flokkur	Keppni	Einkunn	Sæti
Þórunn Ólafsdóttir	Barnaflokkur	Gæðingaflokkur 1	Forkeppni	8,11	21.

Íþróttadómur

Knapi	Keppnisgrein	Flokkur	Keppni	Einkunn/Tími	Sæti
Þórunn Ólafsdóttir	Tölt T7	Barnaflokkur	Forkeppni	5,47	6.

Að lokum

Það er mjög gaman og gefandi að vinna að æskulýðs- og fræðslustarfi í hestamennskunni. Það hefur reynst vítamínsprauta inn í starfið að hafa reiðhöll þar sem ungir og óreyndir geta tekið sín fyrstu skref í hestamennskunni og öðlast þar öryggi og þor áður en þeir leggja í að ríða út einir úti. Einnig er inniaðstaðan forsenda þess að geta þjálfað þá sem vilja taka knapamerkin, fara á keppnisbrautina og komast lengra í íþróttinni. Þá er einnig mikilvægt að vera með framboð námskeiða á sumrin fyrir þá sem eiga ekki kost á að vera með hross á járnnum á veturna og komast því ekki á vetrarnámskeiðin, og enn fremur fyrir þá sem hafa ekki áhuga á námskeiðum inni og vilja bara ríða út og njóta hestsins og íslenskrar náttúru.

Þetta ár var óhefðbundið sökum kórónuveirufaraldursins en náðum við þó að halda öll námskeið nema eitt vetrarnámskeið og keppnisnámskeiðið. Aftur á móti hafði þetta mikil áhrif á mótahald en aflýsa þurfti flestum mótunum.



F.h. Fræðslu- og æskulýðsnefndar Glaðs

Svala Svavarsdóttir, Björk Guðbjörnsdóttir & Sigrún Hanna Sigurðardóttir